

## 2. gr.

Heimilt er að fella niður álagningu sorphirðugjalds á fasteignir þegar eigandi annast sjálfur alla hreinsun sorps.

## 3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 6 000 árið 1993.

## 4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

## 5. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisstjórnuneytið, 6. janúar 1993.*

**Eiður Guðnason.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um flokkun bygginga og annarra mannvirkja til fyrninga.

## 1. gr.

Fyrning mannvirkja, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar, skal vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna sem hér segir:

- a) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 1,5% en að hámarki 2%.
  1. Íbúðarhúsnæði.
  2. Skrifstofubyggingar.
  3. Verslunarbyggingar.
- b) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 3% en að hámarki 4%.
  1. Verksmiðjubyggingar.
  2. Verkstæðisbyggingar.
  3. Vörugeymslubyggingar.
  4. Gisti- og veitingahús.
  5. Útihús á bújörðum.
  6. Hvers konar önnur mannvirki og hús, notuð til atvinnurekstrar, sem ekki eru talin annars staðar í reglugerð þessari.
- c) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 4,5% en að hámarki 6%.
  1. Dráttarbrautir.
  2. Loðdýrabú og tilheyrandi girðingar.
  3. Lýsis-, olíu- og vatnsgeymar.
  4. Ræktun á bújörðum.

- d) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 6% en að hámarki 8%.
1. Bryggjur og plön þeim tengd.
  2. Gróðurhús.
- e) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 7,5% en að hámarki 10%.
1. Borholur.
  2. Raflínur.
  3. Vinnubúðir, óvaranlegar.

Ekki skiptir máli í sambandi við ákvörðum fyrningarhlutfalls úr hvaða byggingarefni mannvirki er gert.

2. gr.

Þegar notkun einstakra eigna er þannig háttáð að þær falla ekki undir sama fyrningarhlutfall skal fyrningargrunni þeirra skipt eftir notkun, þó þannig að sé eign notuð að 3/4 hlutum eða meira til sömu starfsemi skal eignin í heild háð sama fyrningarglutfalli. Sé hluti eignar ekki fyrnanlegur skal ætíð lækka stofnverð eignarinnar um hinn ófyrnanlega hluta eftir stærðarhlutföllum. Við skiptingu á fyrningargrunni bygginga skal í þessu sambandi miðað við fasteignamat einstakra byggingarhluta eða við rúmmál liggja fasteignamat þeirra ekki fyrir.

3. gr.

Reglugerð þessi, sett samkvæmt heimild í 5. tölulið 38. gr. laga nr. 75/1981, sbr. lög nr. 8/1984 og 85/1991, öðlast þegar gildi og skal koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1993 vegna tekna ársins 1992 og eigna í lok þess árs.

*Fjármálaráðuneytið, 11. janúar 1993.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Bragi Gunnarsson.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.**

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá skal stofnfé sjóðs eða stofnunar árið 1993 vera kr. 427 000,00 kr. hið minnsta. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. janúar 1993.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Fanneý Óskarsdóttir.*